

Október 2024



# Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins í Dalabyggð

á málefnasviði umhverfis-,  
orku- og loftslagsráðuneytisins



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

**Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins í Dalabyggð**  
á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

**Útgefandi:** Stjórnarráð Íslands

**Umbrot og textavinnsla:** Stjórnarráð Íslands

Borgartún 26 — 105 Reykjavík  
545 8600 | urn@urn.is

Október 2024 | ISBN 978-9935-9798-5-8  
© 2024 Stjórnarráð Íslands

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b>	<b>4</b>
<b>1. Inngangur</b>	<b>8</b>
1.1 Starfshópur um eflingu samfélagsins í Dalabyggð	8
1.2 Samráð	8
<b>2. Raforka</b>	<b>9</b>
2.1 Dreifikerfi raforku	9
<b>3. Orkuöflun í Dalabyggð</b>	<b>11</b>
3.1 Jarðhitaleit	11
3.2 Varmadælur	12
3.3 Vindorkuver	12
3.4 Virkjun sjávarfalla og hafstrauma	13
3.5 Smávirkjanir	14
3.6 Nýting birtuorku	15
3.7 Orkusparnaður og orkunýtni	15
<b>4. Græn atvinnuuppbygging</b>	<b>16</b>
4.1 Landbúnaður	16
4.2 Sjálfbær matvælaframleiðsla	17
4.3 Ferðaþjónusta	18
4.4 Stofnun þjóðgarðs í Dalabyggð	19
4.5 Nýsköpun	20
<b>5. Menningarminjar í Dalabyggð</b>	<b>21</b>
<b>6. Samgöngur</b>	<b>22</b>
6.1 Samkeppnishæfar samgöngur í Dalabyggð	22
<b>7. Lokaorð</b>	<b>24</b>
<b>Viðauki I</b>	<b>25</b>



## Samantekt



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði þann 3. nóvember 2023 starfshóp um eflingu samfélags í Dalabyggð til að vinna tillögur um aðgerðir sem heyra undir málefna-svið ráðuneytisins og stuðlað geta að því að efla samfélagið í Dalabyggð.

Tillögur starfshópsins skulu a.m.k. snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, flutningskerfi raforku, þjóðgarði á svæðinu, minjavernd, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Orkumálin eru ofarlega á baugi í Dalabyggð. Það vantar orku inn á svæðið og einnig er mikilvægt að hafa í huga að flestar flutningslínur raforku inn á Vestfirði liggja í gegnum Dalabyggð og Strandir. Horfa verður til allra möguleika sem kunna að vera til að auka flutningsgetu og framleiðslu orku á svæðinu.

Jarðhitaleit er gríðarlega mikilvægur þáttur og leggur starfshópurinn til að í samstarfi allra hlutaðeigandi aðila verði farið áttak í Dölum til jarðhitaleitar. Dalabyggð er víðfeðm og því afar mikilvægt að leitað verði sem víðast innan héraðs að heitu vatni.

Friðlýsing eða stofnun þjóðgarðs á völdum svæðum getur eftl mjög atvinnuuppbyggingu á svæðinu og verndað mikilvægar minjar. Gera þarf greiningu á möguleikum friðlýsinga innan Dalabyggðar og meta hvaða svæði hafa verndargildi.

Tillögur starfshópsins:

### 1. Raforkuinnviðir

---

- Flutningslína / byggðalína frá Hrutatungu um Dalabyggð og til Vestfjarða verði endurbætt og styrkt.
- Nýr háspennu jarðstrengur verði lagður frá Stykkishólmi um Skógarströnd að Glerárskógum, Búðardal. Þetta myndi tryggja tvöföldun á flutningskerfi raforku til svæðisins fyrir Dalabyggð og Snæfellsnes.
- Sett verði upp föst varaflstöð 1,5 MW í Glerárskógum, a.m.k. þar til ofangreind hringtenging verður tilbúin.
- Dalabyggð og umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið leiti leiða til að fjármagn fáiast svo ljúka megi þrífösun raforku í Dalabyggð eigi síðar en árið 2026.

### 2. Jarðhitaleit

---

- Lagt er til að Dalabyggð, í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneyti og landeigendur, leiti leiða til að rannsaka jarðhita, með tilraunaborun á svæðinu. Í framhaldi af rannsóknunum verði tekin ákvörðun um frekari nýtingu á jarðvarma.

### 3. Varmadælur

---

- Lagt er til að Dalabyggð, í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneyti og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, setji af stað verkefni þar sem íbúum og atvinnurekendum í Dalabyggð verði auðveldað að setja upp varmadælur hjá sér.

### 4. Vindorkuver

---

- Mikilvægt er að verkefnið Vindorkuver á Laxárdalsheiði fari í gegnum lögbundið ferli Rammáætlunar.

### 5. Virkjun sjávarfalla og hafstrauma

---

- Lagt er til að Blámi og Gleipnir, í samstarfi við Dalabyggð og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, leiti leiða til þess að kostir sjávarfallavirkjana verði kannaðir betur.

### 6. Smávirkanir

---

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, í samvinnu við Dalabyggð, Bláma og Gleipni, setur af stað verkefni til þess að flýta því að sem flestir smávirkanakostir í Dalabyggð komist til framkvæmda.

## 7. Birtuorka

---

- Lagt er til að Dalabyggð, í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, setji af stað verkefni þar íbúum og atvinnurekendum í Dalabyggð verði kynntir möguleikar í framleiðslu á birtuorku.

## 8. Orkusparnaður og orkunýtni

---

- Starfshópurinn leggur til að hugað verði að því að nota efnahagslega hvata til orkusparnaðar.

## 9. Verðmætasköpun úr aukaafurðum

---

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, í samvinnu við Dalabyggð, Íslenska fæðuklasans og Gleipni, setur af stað verkefni til þess að styðja við frumkvöðlastarf um fullvinnsluafurða í samræmi við hringrásarhagkerfið.

## 10. Minni losun gróðurhúsalofttegunda frá matvælaframleiðslu

---

- Dalabyggð, í samstarfi við umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið, styðji við þekkingaröflun á stýrðri ræktun og stuðli þannig að innleiðingu á tæknilausnum sem minnkað geta orkunýtingu vegna framleiðslu afurða.

## 11. Sjálfbær ferðaþjónusta

---

- Dalabyggð, í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, leiti leiða til koma á samstarfi um uppbyggingu á Sælingsdalslaug hinni fornu sem er á Vestfjarðarleiðinni.
- Lagt er til að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, í samvinnu við Minjastofnun, umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti og Dalabyggð setji af stað áhersluverkefni í Dalabyggð til að rannsaka og miðla upplýsingum um menningarverðmæti á þekktum sögustöðum við Söguhringinn á Vestfjarðarleiðinni.
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kanni möguleikann á alþjóðlegu samstarfi um viðurkenningu UNESCO á siglingaleið víkingana Noregur – Færeyjar – Ísland - Grænland – Nýfundnaland – Ameríka. Einn staður, L'Anse aux Meadows á Nýfundnalandi, hefur þegar hlotið viðurkenningu sem alþjóðleg menningararfleið.

## 12. Stofnun þjóðgarðs í Dalabyggð

---

- Lagt er til að Umhverfisstofnun í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti, Dalabyggð, eigendur jarðarinnar og aðra hagaðila, vinni að stofnun þjóðgarðs í Ólafsdal.

- 
- Lagt er til að kannað verði hvort gestastofa í Þjóðgarði í Dalabyggð yrði staðsett í Ólafsdal. Fornleifafræðingar og aðrir fagaðilar, gætu stundað þar sín fræði og rannsóknir. Gestastofa gæti mögulega hýst Ólafsdalsfélagið og stutt við upplýsingagjöf á svæðinu.
- 
- Lagt er til að umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneyti feli Umhverfisstofnun að vinna greiningu á öðrum möguleikum friðlýsingum innan Dalabyggðar sem gætu orðið hluti að Þjóðgarði í Dalabyggð. Skoðað yrði vel hvaða friðlýsingarkostir séu á svæðinu, að hvaða friðlýsingarflokki þeir falli best ásamt því að skoðaðar væru skuldbindingar sveitarfélags og landeigenda. Þá yrði skoðað vandlega allar takmarkanir, tækifæri og kostir sem slíkar friðlýsingar gætu haft í för með sér.
- 
- Lagt er til að kannað verði sérstaklega með fýsileika á friðlýsingu á strandlengjunni frá Álftafirði um Skógarströnd í Dalabyggð, eyjarnar í minni Hvammsfjarðar og í Gilsfjarðabotn. Slík könnun yrði gerð í samráði við alla hlutaðeigandi aðila.

### 13. Nýsköpun

---

- Lagt er til að umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti, í gegnum Nýsköpunarsetur Dalabyggðar, styðji nýsköpun og frumkvöðlastarf á svæðinu.
- Dalabyggð hafi frumkvæði að stofnaður verði fjárfestingasjóður til atvinnu- og innviðaupbyggingar.

### 14. Menningarminjar

---

- Lagt er til að Minjastofnun Íslands í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti og Dalabyggð stuðli að því að fornleifaskráning á svæðinu verði framkvæmd.

### 15. Samgöngur

---

- Lagt er til að Dalabyggð styðji við áform Innviðafélags Vestfjarða með bættum samgöngubótum á Vestfjörðum og í Dalabyggð með tilkomu jarðgangna undir Bröttubrekku.



# 1. Inngangur

## 1.1 Starfshópur um eflingu samfélagsins í Dalabyggð

Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með sveitarstjórn Dalabyggðar þann 24. október 2023 var farið yfir sýn sveitarfélagsins og helstu hagsmunamál svæðisins. Á fundinum kom fram það sjónarmið heimafólks að meginviðfangsefni svæðisins snúi öll að því að styrkja samkeppnisstöðu svæðisins til búsetu, sem áfangastað ferðamanna með stofnun þjóðgarðs á svæðinu og stuðla að fjárfestingum á svæðinu til uppbyggingar á grænni atvinnustarfsemi samhliða grænni orkuöflun á svæðinu og óskað var eftir stuðningi ráðherra við að styrkja svæðið.

Í ljósi framangreinds ákvað umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að setja á fót starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála í Dalabyggð, sem heyrar undir málefnasvið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið.

Fram kemur í erindisbréfi hópsins að tillögur starfshópsins skuli a.m.k. snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, flutningskerfi raforku, þjóðgarði á svæðinu, minjavernd, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Starfshópurinn skipa:

- 
- **Sigurður Rúnar Friðjónsson**, formaður

---

  - **Halla Hrefnu Steinólfsdóttir**, bóndi

---

  - **Björn Bjarki Þorsteinsson**, sveitarstjóri Dalabyggðar

---

Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu var starfsmaður hópsins. Einnig starfaði Linda Guðmundsdóttir, SSV, með starfshópnum.

Ráðuneytið mun taka tillögur og ábendingar hópsins til frekari skoðunar og útfærslu eftir atvikum.

## 1.2 Samráð

Starfshópurinn hefur átt fundi og samtöl með stofnunum og hagsmunaaðilum um verkefni starfshópsins á tímabilinu frá desember 2023 fram í maí 2024.





## 2. Raforka



Raforkukerfið í Dalabyggð er ótryggt, bæði vegna skorts á varatengingu og varaafli. Núverandi flutningsgeta til svæðisins er þannig að hún hamlar fólksfölgun og framtíðaruppbyggingu í Dalabyggð.

Raforkuþörf í Dalabyggð er nú tæp 3,5 MW og reikna má með að þörfin aukist um 1,0 MW innan 10 ára.<sup>1</sup> Á sama tíma er áætlað að uppbyggingarverkefni í atvinnulífi, orkuskipti og önnur þróun samfélagsins kalli eftir a.m.k. 2,5 MW viðbót á næstu árum. Því má áætla að raforkuþörf í Dalabyggð verði 7,0 MW um 2030. Þetta þýðir að tvöfalda þarf afkastagetu raforkukerfisins á næstu árum. Að öllu óbreyttu er ekki hægt að mæta vaxandi orkuþörf til atvinnuuppbyggingar eða til orkuskipta í samgöngum. Er það í beinni mótsögn við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

### 2.1 Dreifikerfi raforku

Dreifikerfi rafmagns í Dölum byggir á stofnlínu sem kemur frá tengivirki byggðalínu í Hrútatungu yfir Laxárdalsheiði og í tengivirki í Glerárskógum. Þaðan er raforkunni dreift um Dalabyggð og heldur línan þaðan áfram yfir á Vestfirði.<sup>2</sup> Byggðalínan gegnir því mikilvægu hlutverki bæði fyrir Dalabyggð og Vestfirði. Mikilvægt er að byggt verði yfir tengivirkið í Glerárskógum og Vestfjarðalína, sem er 50 ára gömul, verði endurhönnuð og endurbyggð, til að auka afhendingaröryggi á raforku í Dalabyggð og á Vestfjörðum.

<sup>1</sup>Mat frá Rarik skv. samtali.

<sup>2</sup>Byggðastofnun, Dalabyggð og SSV. (2022). Dalabyggð. Stöðuskýrsla. [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/Dalabyggd/stodugreining-dalabyggd-2022.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Dalabyggd/stodugreining-dalabyggd-2022.pdf)

Hluti raforkunnar í Dalabyggð kemur einnig um Skógarstrandarlínu frá Stykkishólmi. Flýta þarf tvöföldun á flutningslínu Landnets með jarðstreng um Skógarströnd sem tengja myndi Búðardal og Stykkishólm. Þannig næst hringtenging á flutningskerfinu sem nýtast mun Dalabyggð, Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Staðan á Skógarstrandarlínu í dag er þannig að hún afkastar ekki þeirri þörf sem er til staðar og þjónar því ekki sem varatenging. Tryggja þarf að nægjanlegt varaafli sé til staðar í byggðarlaginu þar til þessi tvöföldun næst.

Víða í Dalabyggð er dreifikerfið orðið mjög lélegt. Brýn þörf er á því að það verði sett í jörð og á sama tíma verði unnið að þrífösun rafmagns. Þrífösun og öruggt dreifikerfi eru nauðsynleg til þess að efla atvinnustarfsemi á svæðinu. Öruggt dreifikerfi er einnig mikilvægt öryggisatriði en við núverandi aðstæður verða svæði innan Dalabyggðar símasambandslaus ef upp kemur rafmagnsleysi. Núverandi áætlanir eru um að þrífösun ljúki 2030 en að mati starfshópsins þarf að flýta því verkefni svo um muni og klára það eigi seinna en 2026. Engar framkvæmdir eru á dagskrá árin 2025-2026.

---

#### → Tillögur starfshóps

---

- Flutningslína / byggðalína frá Hrutatungu um Dalabyggð og til Vestfjarða verði endurbætt og styrkt.
- Nýr háspennu jarðstrengur verði lagður frá Stykkishólmi um Skógarströnd að Glerárskógum, Búðardal. Þetta myndi tryggja tvöföldun á flutningskerfi raforku til svæðisins fyrir Dalabyggð og Snæfellsnes.
- Sett verði upp föst varaflstöð 1,5 MW í Glerárskógum, a.m.k. þar til ofangreind hringtenging verður tilbúin.
- Dalabyggð og umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið leiti leiða til að fjármagn fáiast svo ljúka megi þrífösun raforku í Dalabyggð eigi síðar en árið 2026.

---

#### → Markmið

---

Að tryggja raforkuöryggi á svæðinu og efla flutningsgetu svo hún styðji við sjálfbæra atvinnuuppbyggingu innan Dalabyggðar.

## 3. Orkuöflun í Dalabyggð



Staðbundin orkuframleiðsla getur eft byggðir og samfélög þar sem hennar nýtur, ekki síst á dreifbýlum svæðum. Hér verða útlistaðar nokkrar leiðir til orkuframleiðslu í Dalabyggð.

### 3.1 Jarðhitaleit

Dalabyggð er að miklum hluta kalt svæði. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á jarðhitamöguleikum og tvö svæði hafa verið sérstaklega skoðuð sem vinnslusvæði, Laugar í Sælingsdal og svæðið við Grafarlaug í Reykjardal. Hitaveitulögn var lögð frá því síðarnefnda og er nýtt í hluta sveitarfélagsins.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á jarðhitamöguleikum í gegnum tíðina.<sup>3</sup> Þær athuganir gefa sterkt til kynna að víðar megi finna nýtanlegan jarðhita. Þær gefa líka góða mynd af næstu skrefum sem taka þarf varðandi jarðhitaleit innan Dalabyggðar:

- **Gera þarf samantekt um jarðhita í Dalabyggð.** Taka þarf saman þau gögn sem til eru ásamt því að skoða holur sem ekki eru skráðar og hitamæla þær. Með þessu fengist heilsteypt yfirlit um stöðu jarðhitarannsókna í Dalabyggð.
- **Bora þarf hitastigulsholur í þeim eyðum sem eru á svæðinu.** Með því að bora um 20 hitastigulsholur væri hægt að fá grunnupplýsingar um hitafar í berggrunninum.
- **Kafa þarf dýpra og kanna betur möguleikana** á þeim stöðum sem ekki eru fullkannaðir og/eða komnir í nýtingu og fylgja þannig eftir frumathugunum.

Mikill ávinningur væri fyrir dreifbýlið og sveitarfélagið í heild ef hægt væri að nýta jarðvarma í ríkari mæli. Felast í því ýmis tækifæri fyrir atvinnurekendur og íbúa sem bætt geta búsetu- og atvinnuskilyrði til muna. Mikilvægt er því að vinna að skipulegri jarðhitaleit í Dalabyggð með framangreindum leiðum. Í kjölfarið þyrfti að bora eftir heitu vatni, þar sem það væri talið hagkvæmt fyrir samfélagið.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur falið ÍSOR að vinna að nýju jarðvarma-mati fyrir Ísland, en slíkt heildstætt mat hefur ekki verið unnið í hartnær 40 ár.

#### → Tillögur starfshóps

- Lagt er til að Dalabyggð, í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti og landeigendur, leiti leiða til að rannsaka jarðhita, með tilraunaborun á svæðinu. Í framhaldi af rannsóknunum verið tekin ákvörðun um frekari nýtingu á jarðvarma.

<sup>3</sup>ÍSOR, minnisblað, 27. maí 2024.

---

**→ Markmið**

---

Að fjölga orku valkostum, efla byggðina og auka atvinnutækifærin á svæðinu.

## 3.2 Varmadælur

Ljóst er að mikil tækifæri felast í bættri orkunýtingu og orkusparnaði hérlendis. Í nýlegri skýrslu sem ráðgjafafyrirtækið Implement Energy Group vann fyrir Landsvirkjun, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Orkustofnun, kemur fram að árlega megi með tilteknum aðgerðum og fjárfestingum spara 1.500 GWst af raforku, sem samsvarar um 8% af raforkunotkun ársins 2022.<sup>4</sup>

Varmadælur geta dregið verulega úr orkunotkun og þ.a.l. kostnaði vegna raforku, þar sem raforka er nýtt til húshitunar. Slíkan orkusparnað má einnig nýta til orkuskipta. Mikilvægt er að flýta fyrir uppsetningu á varmadælum í Dalabyggð.

---

**→ Tillögur starfshóps**

---

- Lagt er til að Dalabyggð, í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, setji af stað verkefni þar sem íbúum og atvinnurekendum í Dalabyggð verði auðveldað að setja upp varmadælur hjá sér.

---

**→ Markmið**

---

Að fjölga valkostum varðandi orkuöflun og spara rafmagn sem nýtist í aðra orkunotkun. Lækkar orkukostnað notenda.

## 3.3 Vindorkuver

Í Dalabyggð hefur aðallega hefur verið rætt um staðsetningu vindorkuvers á Laxárdalsheiði, þar sem eru áform einkaaðila um raforkuframleiðslu í vindmyllugörðum.

Stefna stjórnvalda um nýtingu vindorku liggur ekki fyrir þó viðfangsefnið hafi verið rætt um all langa hríð. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um málið og er brýnt að það mál verði klárað sem fyrst. Einnig er brýnt að leikreglur séu skýrar varðandi þær innviðatekjur sem eftir verða í nærsamfélagi vindorkuvera, þ.e. að fyrir liggi fyrir hver hagur sveitarfélagsins er vegna slíkrar framkvæmdar og reksturs til framtíðar litið.

Að mati starfshópsins er mikilvægt að áhersla verði lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi en skortur er á afhendingaröryggi raforku í Dölum sem og

---

<sup>4</sup>Implement Energy Group (2023). Engin orkusóun.

í næstu héruðum. Mikilvægt er að sem breiðust sátt náist um uppbyggingu vindorku-  
vera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru.

---

#### → Tillögur starfshóps

---

- Mikilvægt er að verkefnið Vindorkuver á Laxárdalsheiði fari í gegnum lögbundið ferli Rammáætlunar.

---

#### → Markmið

---

Að stuðla að aukinni orkuframleiðslu í Dalabyggð og auknu afhendingaröryggi rafmagns.

## 3.4 Virkjun sjávarfalla og hafstrauma

Hvergi við Ísland er munur á flóði og fjöru jafnmikill og við innanverðan Breiðafjörð og þar sem óteljandi eyjar þrengja mynni Hvammsfjarðar myndast hin öfluga Hvammsfjarðarröst þegar sjórinn fossar til skiptis inn og út um sundin. Athuganir benda til að þarna megi framleiða mikla raforku eða allt að 120 MW. Aðstæður við Brokey þykja góðar fyrir slíka virkjun en þaðan er einnig stutt í tengingar við Snæfellslínu.

Fyrir nokkrum árum voru gerðar viðamiklar rannsóknir á virkjun sjávarfalla á vegum Sjávarorku, sem nú er í eigu Landsvirkjunar, RARIK o.fl. aðila. Í Færeyjum er byrjað að virkja sjávarföllin í samvinnu við Sænska fyrirtækið Minesto. Nauðsynlegt er að setja í gang tilraunaverkefni um virkjun sjávarfalla í Hvammsfjarðarröst. Hægt er að draga lærdóm af reynslu Færeyinga og er gott að byrja sem fyrst á slíku verkefni þar sem líkur eru á að virkjun sjávarfalla verði hagkvæmari kostur með árunum.

Hugmyndir eru um að virkjun strauma sem myndast við þverun fjarða – t.d. við Gilsfjörð, Þorskafjörð o.fl. gæti nýst sem árstíðabundin orkuframleiðsla. Kjörið er að nýta svæði sem þegar hafa orðið fyrir raski til frekari uppbyggingar á orkuinnviðum. Skoða þarf þennan kost nánar og vinna almennt að lausnum sem varða sjávarfallavirkjanir.

---

#### → Tillögur starfshóps

---

- Lagt er til að Blámi og Gleipnir, í samstarfi við Dalabyggð og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, leiti leiða til þess að kostir sjávarfallavirkjana verði kannaðir betur.

---

#### → Markmið

---

Að stuðla að aukinni orkuframleiðslu í Dalabyggð. Nýsköpun í grænni orkuframleiðslu.



### 3.5 Smávirkjanir

Möguleikar gætu falist í uppbyggingu á smávirkjunum í Dalabyggð. Auk þess að geta þjónustað einstaka bæi geta þær létt undir flutningskerfi og dreifikerfi raforku og virkað vel sem varaafstöðvar. Árið 2020 lét SSV gera frumúttekt á smávirkjanakostum á Vesturlandi þar sem greindir voru 70 virkjanakostir.<sup>5</sup> Af þeim voru 20 í Dalabyggð, sem nauðsynlegt er að kanna nánar. Í greiningunni er farið yfir ferlið við uppbyggingu smávirkjana og þá kosti sem um ræðir. Þar kemur fram að einn stærsti kostnaðurinn við byggingu virkjana er tengingin við raforkukerfið.

Úttektin er ekki tæmandi og fleiri virkjanakostir gætu verið á svæðinu. Fyrir hvern álitlegan kost þyrfti að vinna vettvangsvinnu og nánari greiningu til að skoða hvernig hægt sé að virkja með sem hagkvæmustum hætti.

Nánar má kynna sér þennan kost í skýrslu umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins um aðra orkukosti.<sup>6</sup>

---

#### → Tillögur starfshóps

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, í samvinnu við Dalabyggð, Bláma og Gleipni, setur af stað verkefni til þess að flýta því að sem flestir smávirkjanakostir í Dalabyggð komist til framkvæmda.

---

#### → Markmið

Að stuðla að aukinni orkuframleiðslu í Dalabyggð.

---

<sup>5</sup> [Arnarlækur. Smávirkjanir á Vesturlandi. Frumúttekt valkosta – apríl 2020.](#)

<sup>6</sup> [Skýrsla starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Bætt orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar. Apríl 2024.](#)

## 3.6 Nýting birtuorku

Allt bendir til þess að nýta megi sólar- eða birtuorku í meira mæli en gert er og getur hún nýst bæði til raf- og varmaorkuframleiðslu. Orkuöflun með sólarorku getur dregið úr brennslu á jarðefnaeldsneyti. Nýtist hún einna helst þeim sem eru á dreifðum svæðum, t.d. þar sem jarðvarmi eða önnur orkuframleiðsla er ekki möguleiki. Kanna þarf kosti þess að framleiða raforku með birtu- eða sólarsellum í Dalabyggð. Til dæmis mætti kanna hagkvæmi þess að reisa sólarsellugarða í Búðardal til tilraunaframleiðslu.

Nánar má kynna sér þennan kost í skýrslu umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins um aðra orkukosti.<sup>7</sup>

---

### → Tillögur starfshóps

- Lagt er til að Dalabyggð, í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, setji af stað verkefni þar íbúum og atvinnurekendum í Dalabyggð verði kynntir möguleikar í framleiðslu á birtuorku.

---

### → Markmið

Að stuðla að aukinni orkuframleiðslu í Dalabyggð.

## 3.7 Orkusparnaður og orkunýtni

Ávallt skal nýta orkugjafa sem best og draga úr orkusóun. Dalabyggð hefur skipt út ljósum fyrir Led lýsingu innan þéttbýlis og stefnt er að því að auka fjölda hraðhleðslustöðva í byggðarlaginu svo fleiri geti ferðast um svæðið á umhverfissvænni hátt. Samhliða öllum hugmyndum um aukna orkuöflun er nauðsynlegt að einnig séu markvissir hvatar til orkusparnaðar og til orkuskipta.

---

### → Tillögur starfshóps

- Starfshópurinn leggur til að hugað verði að því að nota efnahagslega hvata til orkusparnaðar.

---

<sup>7</sup>Skýrsla starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Bætt orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar. Apríl 2024.



## 4. Græn atvinnuuppbygging



### 4.1 Landbúnaður

Byggð í Dölunum er dreifð og meirihluti íbúa býr í dreifbýlinu. Setja þessi búsetu- og atvinnumynstur svip sinn á umhverfið og samfélagið allt. Búskapur hefur verið stundaður á svæðinu frá landnámi og er stundaður enn. Landbúnaður er því stór atvinnuvegur í Dalabyggð en einnig mikilvægur þáttur menningararfs svæðisins.

Hluti svæðisins nýtur einnig nálægðar við Hvammsfjörð og Breiðafjörð þar sem er falleg strandlengja, áhugaverðar jarðminjar og fjölbreytt fuglalíf. Hlunnindanýting, svo sem dúntekja, tíðkast enn við sjávarsíðuna. Segja má að svæðið hefur allt mótast af samspili náttúru og manns frá landnámi. Mikilvægt er að sjálfbær nýting landsins, þar á meðal sauðfjárbætt, verði áfram tryggð í Dalabyggð.

Fæðuöryggi er mikilvægt loftslags- og öryggismál og því nauðsynlegt að styðja íslenska matvælaframleiðslu með öllum tiltækum leiðum, bæði með því að styðja við tilraunaverkefni og hefðbundna framleiðslu á matvöru. Aukning er á smáframleiðslu á landbúnaðarvörum í Dalabyggð, ásamt því að öflugir matvælaframleiðendur hafa byggt upp atvinnurekstur á svæðinu. Dalabyggð er kjörlandi fyrir matvælaframleiðslu og því telur starfshópurinn að mikilvægt sé að styðja við tilraunaverkefni og frumkvöðlastarf þar sem landsins gæði eru sköpuð, framleidd, seld og nýtt á svæðinu.



---

**→ Tillögur starfshóps**

---

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, í samvinnu við Dalabyggð, Íslenska fæðuklasans og Gleipni, setur af stað verkefni til þess að styðja við frumkvöðlastarf um fullvinnsluafurða í samræmi við hringrásarhagkerfið.

---

**→ Markmið**

---

Að stuðla að aukinni verðmætasköpun úr aukaafurðum í samræmi við hringrásarhagkerfið.

## 4.2 Sjálfbær matvælaframleiðsla

Hefðbundin matvælaframleiðsla þarf mikið landrými, auk orku, vatns og næringarefna. Vegna skorts á landrými og/eða hagstæðu veðurfari víða um heim er nú mjög ör þróun í að færa margvíslega lífræna ræktun dýra og plantna inn í lokuð kerfi. Slík kerfi má kalla grænhólf, en ganga undir ýmsum heitum, svo sem lóðrétt ræktun, hillurækt eða hátæknirækt, en í raun fellur ylrækt, landeldi sjávar- og vatnadýra, auk ræktunar þörungna og örvera í tönkum undir það sama.

Slík kerfi eiga það sameiginlegt að vera að mestu, eða öllu leyti lokuð og eru því óháð veðurfari, hindra sleppingar út í umhverfið og draga verulega úr sjúkdómaálagi. Enn fremur gefa þau kost á að spara vatn, endurnýtingu varma og næringarefna, og litla varnarefnanotkun, þannig að mengun og losun út í umhverfið verður lítil, sem engin, eða sem næst lokuð hringrás.

Lykilatriði fyrir alla framleiðslu í grænhólfum er tryggt aðgengi og verð á rafmagni og að hámarka alla sjálfvirkni í rekstri til að halda niðri launakostnaði. Hér stendur Ísland einstaklega vel að vígi varðandi umhverfissvæna orku og hátt menntunar- og tæknistig á öllum sviðum. Nægir hér að nefna hvernig íslenskur sjávarútvegur hefur haldið samkeppnisstöðu sinni, fyrst og fremst með stöðugt öflugri tæknivæðingu. Notkun á orku og tækni veitir alla möguleika á að margvísleg framleiðsla í grænhólfum geti orðið sívaxandi atvinnugrein í Dalabyggð, sem og annars staðar, auk þess að leggja verulega að mörkum til að auka framlegð í hefðbundnum landbúnaði.

---

**→ Tillögur starfshóps**

---

- Dalabyggð, í samstarfi við umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið, styðji við þekkingaröflun á stýrðri ræktun og stuðli þannig að innleiðingu á tæknilausnum sem minnkað geta orkunýtingu vegna framleiðslu afurða.

---

**→ Markmið**

---

Að auka framlegð í byggðarlaginu með sjálfbærum hætti.

## 4.3 Ferðaþjónusta

Vel væri hægt að tengja ferðaþjónustu og landbúnað í gegnum upplifun á landbúnaðarlandslagi, menningu og afurðum svæðisins enn frekar. Þetta hefur reynst vel t.d. á Erpsstöðum, sem er einn fjölsóttasti ferðamannastaður Dalabyggðar.

Á Eiríksstöðum í Haukadal hafa farið fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir sem staðfesta búsetu Eiríks rauða og líklegt er talið að Leifur heppni sem fann fyrstur Evrópumanna Ameríku sé fæddur þar. Í tilefni 1.000 ára afmæli landafundanna var reistur tilgátubær að Eiríksstöðum. Í Búðardal er rekið Vínlandssetur, þar sem sjá má sýningu um landafundina. Telur starfhópurinn nauðsynlegt að gera átak í að kynna, í samstarfi við rekstraraðila, þessa söguarfleifð víkinganna, með það að markmiði að fjölga heimsóknum á sýningarnar og í Dalabyggð almennt.

Vegur (590) um Fellsströnd og Skarðsströnd er svokallaður Söguhringur, sem er hluti af Vestfjarðarleiðinni. Á þessu svæði er um einstaka náttúrufegurð í fjölbreyttu umhverfi að ræða, mikið dýra- og fuglalíf, meðal annars eitt af helstu búsvæðum hafarnarins, og þar eru einnig fjölmargir sögufrægir staðir. Kominn er ágætis vísir að ferðaþjónustu á þessari leið og margir einkaaðilar með áform um uppbyggingu á svæðinu sem koma til með að efla mjög upplifun af svæðinu. Þessi áform er einnig talin upp í viðaukanum. Starfshópurinn telur að hægt sé að nýta sér sögu og sérstöðu þessa svæðis innan Dalabyggðar til að efla atvinnuuppbyggingu enn frekar. Þá getur menningarsaga svæðisins stutt allar hugmyndir um friðlýsingar innan Dalabyggðar, sbr. næsta kafla.

---

### → Tillögur starfshópsins

---

- Dalabyggð, í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, leiti leiða til koma á samstarfi um uppbyggingu á Sælingsdalslaug hinni fornu sem er á Vestfjarðarleiðinni.
- Lagt er til að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, í samvinnu við Minjastofnun, umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneyti og Dalabyggð setji af stað áhersluverkefni í Dalabyggð til að rannsaka og miðla upplýsingum um menningarverðmæti á þekktum sögustöðum við Söguhringinn á Vestfjarðarleiðinni.
- Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið kanni möguleikann á alþjóðlegu samstarfi um viðurkenningu UNESCO á siglingaleið víkingana Noregur – Færeyjar – Ísland - Grænland – Nýfundnaland – Ameríka. Einn staður, L'Anse aux Meadows á Nýfundnalandi, hefur þegar hlotið viðurkenningu sem alþjóðleg menningararfleifð.

---

### → Markmið

---

Að miðla og varðveita sögu og sérkenni svæðisins.

## 4.4 Stofnun þjóðgarðs í Dalabyggð

Nauðsynlegt er að gæta vel að hagsmunum íbúa og atvinnulífs á sama tíma og hugað er að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda á svæðinu. Ein hugmynd er að friðlýsa ákveðin svæði innan Dalabyggðar. Slík aðgerð styrkir ferðaþjónustu og kallar á innviðaupbyggingu til að stýra gestum um svæðið. Þá gæti friðlýsing eftt virði matvælaframleiðslu en þá er einnig mikilvægt að hugsanleg friðlýsing vinni ekki gegn landbúnaðarframleiðslu.

Ákveðin svæði innan Dalabyggðar hafa verið nefnd sem fýsilegur kostur en allar slíkar hugmyndir eru enn aðeins vangaveltur. Mikilvægt er að unnið verði áfram með þær, í góðu samráði við alla hlutaðeigandi aðila – landeigendur, íbúa og aðra.

Ólafsdalur í Gilsfirði er einstakur minjastaður á landsvísu, einkum hvað varðar landbúnaðar- og atvinnusögu Íslands. Dalurinn er allur ein minjaheild og m.a. eru minjar frá tíð Búnaðarskóla Torfa Bjarnasonar (1880-1907), fyrsta bændaskóla á Íslandi, þar ótrúlega vel varðveittar. Ber dalurinn þess merki að þar var ekki stundaður venjulegur búskapur. Mikilvægt er að leggja sérstaka áherslu varðveislu og viðhald þessara minja (hlaðnir garðar, hlaðnar byggingar, miklar beðasléttur, áveita, vélalækur o.fl.). Einnig hefur fundist í Ólafsdal landnámsskáli frá 10. öld og 5-6 aðrar fornar byggingar við merkilegar fornleifarannsóknir sem hófust árið 2017 og eru enn þá í gangi.

Starfshópurinn telur að vænlegt væri að byrja á því að skoða svæðið í kringum Ólafsdal í Gilsfirði sem mögulegan þjóðgarð í Dalabyggð. Samhliða þeirri vinnu ætti að skoða frekari svæði innan Dalabyggðar sem gætu orðið hluti af þjóðgarðinum.

---

### → Tillögur starfshóps

---

- Lagt er til að Umhverfisstofnun í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneyti, Dalabyggð, eigendur jarðarinnar og aðra hagaðila, vinni að stofnun þjóðgarðs í Ólafsdal.
  - Lagt er til að kannað verði hvort gestastofa í þjóðgarði í Dalabyggð yrði staðsett í Ólafsdal. Fornleifafræðingar og aðrir fagaðilar, gætu stundað þar sín fræði og rannsóknir. Gestastofa gæti mögulega hýst Ólafsdalsfélagið og stutt við upplýsingagjöf á svæðinu.
  - Lagt er til að umhverfis-, orku-, og loftlagsráðuneyti feli Umhverfisstofnun að vinna greiningu á öðrum möguleikum friðlýsingum innan Dalabyggðar sem gætu orðið hluti af þjóðgarði í Dalabyggð. Skoðað yrði vel hvaða friðlýsingarkostir séu á svæðinu, að hvaða friðlýsingarflokki þeir falli best ásamt því að skoðaðar væru skuldbindingar sveitarfélags og landeigenda. Þá yrði skoðað vandlega allar takmarkanir, tækifæri og kostir sem slíkar friðlýsingar gætu haft í för með sér.
-

- Lagt er til að kannað verði sérstaklega með fýsileika á friðlýsingu á strandlengjunni frá Álftafirði um Skógarströnd í Dalabyggð, eyjarnar í minni Hvammsfjarðar og í Gilsfjarðabotn. Slík könnun yrði gerð í samráði við alla hlutaðeigandi aðila.

---

#### → Markmið

---

Tryggja sjálfbærni svæðisins, auka náttúrvernd með innviðauppbýggingu svo sem göngustígum, útsýnispöllum o.fl. Varðveisla á landslagi, minjaheild og merkum kafla í atvinnusögu þjóðarinnar.

## 4.5 Nýsköpun

Nýsköpun er vaxandi og fjölmörgum sprotaverkefnum verið hrundið af stað á síðustu árum í Dalabyggð. Þar liggja ýmis tækifæri fyrir byggðarlagið. Unnið er að uppbyggingu iðngarða í Búðardal og mun þetta vera fyrsta uppbygging nýs atvinnuhúsnæðis í þéttbýlinu í rúman aldarfjórðung. Sprotafyrirtæki í nytja- og matjurtaræktun hafa lýst yfir vilja að koma á fót starfsstöðvum sínum í þéttbýlinu. Mikilvægt er að hægt sé að styðja öll áform um græna atvinnustarfsemi í Búðardal. Það bæði styrkir Búðardal sem þéttbýli og fjölbreytni atvinnulífs í byggðarlaginu.

---

#### → Tillögur starfshópsins

---

- Lagt er til að umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti, í gegnum Nýsköpunarsetur Dalabyggðar, styðji nýsköpun og frumkvöðlastarf á svæðinu.
- Dalabyggð hafi frumkvæði að stofnaður verði fjárfestingasjóður til atvinnu- og innviðauppbýggingar.

---

#### → Markmið

---

Að auka við græna atvinnuuppbyggingu og þekkingarsköpun í Dalabyggð.



## 5. Menningarminjar í Dalabyggð



Dalabyggð er eitt sögu- og minjaríkasta sveitarfélag landsins. Margar af helstu söguperlum okkar eiga sér að miklu leyti stað þar. Þar má nefna Laxdælu, Eyrbyggju, Þorskfirðingasögu, Bjarna sögu Hítðalakappa, Grettissögu og Sturlungu. Sögustaðirnir eru ótal margir eins og til dæmis Hvammur, Sauðafell, Staðarhóll, Staðarfell, Hjarðarholt og Ólafsdalur. Í sýslunni er um 44 friðlýstar minjar á um 29 jörðum.

Þarfasta verkið í minjamálum er þó alltaf fornleifaskráning. Ekki er til almenn fornleifaskráning yfir Dalabyggð svo minjavarslan er ekki með haldgóða þekkingu um hvað má finna í Dölunum. Það liggur fyrir listi yfir þær skráningar sem fundust hafa í Dölunum en sá listi er ekki tæmandi, og afmarkast við þau svæði þar sem framkvæmdir hafa farið fram. Mjög brýnt er að hefja skráningu sem fyrst á dreifbýlum svæðum þar sem vitneskja er að glatast og minjar að hverfa í gróður og landeyðingu.

Samhliða átaki í skráningu fornminja verði unnið að frekari rannsóknum á fornminjum í Dalabyggð og upplýsingum um lífsbaráttu Dalamanna meðal annars í Breiðarfjarðaejrum, sögu og búhátum fortíðar verði komið á framfæri við nútímann.

---

### → Tillögur starfshóps

---

- Lagt er til að Minjastofnun Íslands í samvinnu við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti og Dalabyggð stuðli að því að fornleifaskráning á svæðinu verði framkvæmd.



## 6. Samgöngur



### 6.1 Samkeppnishæfar samgöngur í Dalabyggð

Góðar samgöngur skipta máli fyrir byggðafestu. Í Dalabyggð hefur verið unnið að því árum saman að þrýsta á stjórnvöld vegna óásættanlegs ástand vega í byggðarlaginu. Íbúakönnun landshlutanna sem birt var þann 12. júní 2024 kom berlega í ljós hugur íbúa til ástands vega í sveitarfélaginu en þar varð sama niðurstaða og í fyrri sambærilegum könnunum - íbúar Dalabyggðar eru ósáttastir á landsvísu við vegi innan sveitarfélagsins. Árið 2023 vann sveitarfélagið skýrslu þar sem framkvæmdum var forgangsraðað og hefur hún verið nýtt til að þrýsta á vegabætur í byggðalaginu.<sup>8</sup>

Í september 2024 var undirritaður samstarfssamningur Bláma við Innviðafélag Vestfjarða varðandi greiningar og ráðgjafar tengdar framtíðarverkefnum Innviðafélagsins sem snúa m.a. að bættum samgönguinnviðum á Vestfjörðum með láglandisvegi með jarðgangagerð. Í verkefni Innviðafélagsins er gert ráð fyrir jarðgöngum undir Bröttubrekku í Dalabyggð sem yrði mikilvægt samgöngubót á svæðinu.

<sup>8</sup>Dalabyggð. (2023). Forgangsróðun vegaframkvæmda í sveitarfélaginu Dalabyggð. [https://dalir.is/wp-content/uploads/2023/06/Forgangsrodun\\_samthykkt\\_m\\_inngangi.pdf](https://dalir.is/wp-content/uploads/2023/06/Forgangsrodun_samthykkt_m_inngangi.pdf)

Þá fer meirihluti umferðar á Vestfirði í gegnum Dalabyggð og því mikilvægt að uppbygging á hleðsluinnviðum í sveitarfélaginu þróist í takt við aukið hlutfall hreinorkuökutækja.

Svo dæmi séu tekin um vegi sem þarfnast flýtimeðferðar varðandi gæði, m.t.t. umferðaröryggis í ljósi sívaxandi umferðar í tengslum við atvinnulíf og ferðaþjónustu sem og akstur heimafólk til og frá vinnu og skóla nefnum við eftirfarandi:

**Vestfjarðarvegur (60).** Undirlag og slitlag á veginum ónýtt. Um þennan veg fer öll umferð inn á Vestfirði og inn á Strandir að miklu leiti. Afar nauðsynlegt að framkvæma úrbætur strax og auka burðarþol vegarins. Brattabrekka er nýtt sem varaleið þegar Holtavörðuheidi lokast og tryggja þarf umferðaröryggi um hana.

**Laxárdalsheiði (59).** Mikilvæg tenging Dalabyggðar við Norðurland og sífellt fjölfarnari vegur að vetrum þegar Holtavörðuheidi lokast sökum ófærðar. Taka verður einbreiðar brýr af þessari leið samhliða lagningu bundins slitlags.

**Skógarströnd (54).** Tenging Dalabyggðar við Snæfellsnes. Á þessari leið, þar sem er einstakt útsýni og landslag, er mjög mikil umferð og slysatíðni há enda vegurinn að mestu leiti í sama ástandi og fyrir nokkrum áratugum síðan. Ástand vegarins kemur í veg fyrir ýmis sóknarfæri í Dölum m.t.t. hringaksturs af Snæfellsnesi fyrir ferðamenn.

**Haukadalur.** Verði lagður bundnu slitlagi, áætlanir um mikla fjölgun ferðamanna að Eiríksstöðum tengist meðal annars komu farþega af skemmtiferðaskípum o.fl. og þ.a.l. uppbyggingu á Skógarstrandarvegi.

**Klofningsvegur (590).** Það liggja fyrir metnaðarfullar áætlanir um uppbyggingu á svæðinu og sókn í menningarferðamennsku o.fl. og er því uppbygging vegarins mikilvæg, bæði m.t.t. atvinnulífs og atvinnu- og skólasóknar af svæðinu. Klofningsvegur er hluti Söguhringsins og Vestfjarðarleiðarinnar.

---

#### → Tillögur starfshóps

---

- Lagt er til að Dalabyggð styðji við áform Innviðafélags Vestfjarða með bættum samgöngubótum á Vestfjörðum og í Dalabyggð með tilkomu jarðgangna undir Bröttubrekku.

## 7. Lokaorð



Raforkuafhending er öryggismál. Það er einnig mikilvægt byggðarmál og skiptir máli fyrir áframhaldandi byggðarfestu á landsbyggðinni. Mikilvægt er að koma upp varatenginu og varaafli í Dalabyggð og efla dreifikerfi rafmagns um svæðið.

Orkumálin eru Dalabyggð mikilvæg. Svæðið er að hluta til kalt og mikil ávinningur fengist af jarðhitaleit innan þess. Möguleikar geta einnig falist í nýjum leiðum til orkuöflunar, t.d. með tilraunverkefnum sem snúa að birtusellum, smávirðkjunum eða virkjun sjávarfalla. Nauðsynlegt að rannsaka vel hagkvæmni og hugsanlegar lausnir fyrir slík verkefni. Því leggur hópurinn til að stutt verði við Nýsköpunarsetur Dalabyggðar, þar sem hægt væri að kanna slíkar lausnir betur svo slík tilraunverkefni geti orðið að veruleika. Vilji og metnaður til framfara á þessu sviði er einnig til staðar innan samfélagsins. Starfshópurinn telur að allar ofangreindar aðgerðir vinni saman. Takist vel til við að byggja upp hagkvæma og græna orkuinnviði getur það eflt atvinnulífið til muna og stutt þannig bæði við sjálfbærni svæðisins og byggðafestu innan þess. Sjálfbær orkuöflun, matvælaframleiðsla, ferðaþjónusta og friðlýsing eru allt þættir sem geta styrkt hvorn annan og Dalabyggð í heild. Skráning og rannsóknir á fornminjum eru svæðinu einnig mikilvæg og geta stutt vel við uppbyggingu ferðaþjónustu. Það er mat starfshópsins að ríkuleg menningararfleifð Dalanna eigi erindi við alla þjóðina. Mikilvægt er að fræða gesti svæðisins með því að gera sögu svæðisins ápreifanlegri á allan hátt.

Innviðum í samgöngumálum í Dalabyggð gerum við nokkur skil hér í þessari skýrslu þó málaflökkurinn sé á könnu annars ráðuneytis. Engu að síður skipta vegir og gæði þeirra m.t.t. umferðaröryggis, atvinnulífs og annarra þátta það miklu að við töldum ekki stætt á öðru en ástandsins í vegamálum í Dalabyggð væri gerð skil. Það er neyðarástand í ýmsu tilliti hvað vegi snertir og þurfa allir hagaðilar að koma að því borði til að úrbætur fáist.

Dalirnir eru einstakt svæði. Með þeim tillögum að aðgerðum sem við nefnum hér í þessari skýrslu teljum við að við séum að snerta á þeim mikilvægu þáttum sem þarf að vinna að til þess að Dalirnir sigli inn í nýtt blómaskeið. Með öflugri innviðauppbyggingu, rannsóknum og stuðningi við sjálfbært atvinnulíf í þessu söguríka héraði, verður hægt að byggja á stoðum þeirra landgæða sem eru í Dölunum, Dölum og landsmönnum öllum til heilla.



---

# Viðauki I

---





Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Sigurður Rúnar Friðjónsson  
Frostafold 73  
112 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2023  
Tilv.: UMH23110005/2.3.1

Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með sveitarstjórn Dalabyggðar þann 24. október sl. var farið yfir sýn sveitarfélagsins og helstu hagsmunamál svæðisins. Á fundinum kom fram það sjónarmið heimafólks að meginviðfangsefni svæðisins snúi öll að því að styrkja samkeppnisstöðu svæðisins til búsetu, sem áfangastað ferðamanna með stofnun þjóðgarðs á svæðinu og stuðla að fjárfestingum á svæðinu til uppbyggingar á grænni atvinnustarfsemi samhliða grænni orkuöflun á svæðinu og óskað var eftir stuðningi ráðherra við að styrkja svæðið.

Í ljósi framangreinds hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að setja á fót starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála í Dalbyggð, sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið.

Tillögur starfshópsins skulu a.m.k. snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, flutningskerfi raforku, þjóðgarði á svæðinu, minjavernd, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Ert þú hér með skipaður formaður starfshópsins sem er þannig skipaður:

Sigurður Rúnar Friðjónsson, formaður,  
Halla Steinólfsdóttir, bóndi,  
Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Með hópnum mun starfa Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 15. mars 2024. Er þér hér með falið að kalla starfshópinn saman til fyrsta fundar.

Formaður ber ábyrgð á að halda til haga upplýsingum um virkan starfstíma nefndarinnar, þ.e. fjölda funda og lengd þeirra og skila til ráðuneytisins. Jafnframt ber hann ábyrgð á að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað rafrænt til ráðuneytisins, ásamt öðrum gögnum.

Starfshópurinn skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins og er þess óskað að starfshópurinn vinni verkefnisáætlun í upphafi starfs og noti sniðmát sem ráðuneytið leggur til. Óskað er eftir að verkefnisáætlun starfshópsins verði lögð fyrir ráðuneytið til samþykktar.

Greiðsla fyrir störf í starfshópnum fer samkvæmt ákvörðun þóknananefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.



Guðlaugur Þór Þórðarson



Stefán Guðmundsson

